

BERA HF.

AÐALFUNDUR 13. MAÍ 2026

Breytingartillaga vegna dagskrárliðar 7 – Samþykki starfskjarastefnu félagsins

Vísað er til tillögu stjórnar til breytinga á starfskjarastefnu félagsins, sbr. dagskrárlið 7.

Stjórn Beru hf. leggur til eftirfarandi breytingar á tillögunni, þannig að heimild stjórnar til að fela stjórnarformanni einstök verkefni í þágu félagsins og/eða einstakra dótturfélaga verði afmörkuð nánar, og að grein 4.3 í starfskjarastefnunni hljóði því svo (viðbætur frá upphaflegri tillögu undirstrikaðar):

„Stjórn skal heimilt að fela formanni stjórnar félagsins að vinna að einstökum verkefnum í þágu félagsins og/eða einstakra dótturfélaga þess og ákvarða þóknun fyrir samkvæmt samkomulagi. Skal fjárhæð þóknunarinnar nema að hámarki kr. 4.300.000 á mánuði til viðbótar við hefðbundin laun stjórnarformanns og gert er ráð fyrir að verkefnin krefjist mánaðarlega að meðaltali um 100 klst. vinnuframlags af hálfu stjórnarformanns, til viðbótar við hefðbundnar starfsskyldur formanns. Skal heimild þessi gilda til aðalfundar félagsins árið 2027.“

Greinargerð með breytingartillögu:

Breytingartillögunni er ætlað að afmarka nánar heimildir stjórnar til þess að fela stjórnarformanni að vinna að einstökum verkefnum í þágu félagsins og/eða einstakra dótturfélaga þess, einkum að því er varðar fjárhæð þóknana, umfang og gildistíma. Við ákvörðun verkefna stjórnarformanns og framkvæmd þeirra skal stjórn gæta að eftirlitsskyldum stjórnar og að ekki komi upp hagsmunaárekstrar í störfum hennar. Skulu viðbótarverkefni stjórnarformanns því vera afmörkuð og hagað með þeim hætti að hann komi að yfirumsjón þeirra fyrir hönd stjórnar og haldi stjórn upplýstri um framgang einstakra verkefna.

Starfskjarastefnu félagsins, með framangreindum breytingum, má finna á vefsíðu félagsins, <https://www.berahf.is/fjarfestar/hluthafafundir/>.

Tillögur stjórnar um aðrar breytingar á starfskjarastefnunni eru óbreyttar.